

**Ed.**

## **56. Frumvarp**

til laga um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.

Flutningsmaður: Bjarni Snæbjörnsson.

### **1. gr.**

Nýjan veg skal leggja frá Hafnarfirði, vestanvert við Setbergshamar og vestanvert við túnið á Vífilstöðum, á Suðurlandsbraut í austanverðri Sogamýri. Byrjað skal á verkinu á næsta ári.

### **2. gr.**

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal til vegargerðarinnar árlega, þar til vegurinn er fullgerður, verja  $\frac{1}{2}$  tekjum þeim, er ríkissjóður fær samkvæmt lögum um bifreiðaskatt, eins og þau lög eru á hverjum tíma, meðan á vegarlagingunni stendur. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Svipað frumvarp var flutt á sumarþinginu 1931, en náði ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

„Haustið 1917 var stikaður nýr vegur frá Hafnarfirði á Suðurlandsbraut á sama stað og frv. fer fram á. Var að nokkru byrjað á vegarlagingu, en

féll niður er ófriðnum lauk. Vegur þessi er c. 5 km. styttri fyrir þá, er þurfa að fara af Suðurlandsbraut til Vífilsstaða, Hafnarfjarðar eða lengra suður á Reykjanesskagann, móts við það að fara þá leið, er nú er bílfær. Auk þess liggur vegur sá, er nú er milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, á mjög óhentugum stað, mishæðóttur og snjóþyngsli á honum að vetrarlagi. Myndi því þessi nýi vegur gera alla flutninga í þessa átt ódýrari en nú er, um leið og hann yrði tryggari samgönguleið og þyrfti minna viðhald en sá vegur, er nú er farinn“.

Tvær breytingar eru á frumvarpinu frá því í sumar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að byrjað verði á verkinu þegar á næsta ári, enda er brýn nauðsyn til að bæta bilveginn milli bæjanna og mikil þörf á atvinnubót fyrir verkamenn bæjanna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að helmingi af væntanlegum bíla- og benzinskatti verði varið til vegagerðarinnar. Það liggur í hlutarins eðli, að bifreiða- og benzinskattur á fyrst og fremst að ganga til að bæta og gera nýja bílvegi þar, sem bílaumferðin er mest, og verður það í nágrenni Reykjavíkur, og yrði þessi leið með þeim fjölförnustu, þar sem að meðaltali c. 300 bílar ganga daglega á árinu milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.